



Sjálfsbjörg

landssamband
hreyfihamlaðra

65 ára
1959-2024

ÁRSSKÝRSLA 2024

Lögð fram á landsfundi samtakanna 25.-26. apríl 2025

Aðgengi er lykill að sjálfstæði, þátttöku og virkni

Útgefandi:

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

Ábyrgðarmenn:

Puríður Harpa Sigurðardóttir og Sigríður Agnes Sigurðardóttir

Uppsetning, umbrot, prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel

Forsíða

Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra
Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns.....	4
1. Stjórnir og starfsfólk	5
1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh.	5
1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh.	5
1.3 Starfsfólk 2024	6
2. Nefndir og starfshópar	7
2.1 Kjörnefnd	7
2.2 Laganefnd	7
2.3 Framtíðarnefnd	7
2.4 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar	7
2.5 Minningasjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar	8
2.6 Medic Alert	8
3. Félagsmálin	9
3.1 Landsfundur 2024	9
3.2 Formannafundir	12
3.3 Stefnumótun	12
4. Málefnastrafið	13
4.1 Aðgengismál	13
4.2 Hjálpartæki	13
4.3 Ýmis verkefni	13
4.4 Samstarfsverkefni Sjálfsbjargar lsh. Ferðamálastofu, ÖBÍ og HMS	14
4.5 Römpum upp Ísland	14
4.6 Norðurlanda samstarf	15
4.7 Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka	16
4.8 Sjálfsbjörg lsh. 65 ára	17
5. Rekstrarmál – starfsemi	19
5.1 Kjarkur endurhæfing	19
5.2 Sjálfsbjargarhúsið	20
5.2.1 Sagan	20
5.2.2 Húsnæðismál 2024	20
5.3 Þekkingamiðstöðin	21
6. Fjármál	22
6.1 Fjárhagsstaðan	22
6.2 Starfsmannamál	23
6.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir	23
6.3.1 Húsaleiga	23
6.3.2 Hapdrætti	23
6.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar	23
6.3.4 Styrkur ÖBÍ Réttindasamtaka	23
7. Upplýsingamál	24
7.1 Ársskýrsla	24
7.2 Klifur	24
7.3 Heimasíða Sjálfsbjargar	24
8. Tengingar út í samfélagið	25
9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar lsh. 2024	26
10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar lsh. og stjórnarfólk 31.12. 2024	27
11. Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar lsh. fyrir 2024	29

ÁVARP FORMANNS



Það er bjart framundan og tækifærin óþrjótandi til að vinna að góðum málefnum sem snúa að okkur, hreyfihömluðu fólki. Við eigum að vera óhrædd við að troða nýjar slóðir og við þurfum að leiða Sjálfsbjörg á nýjan stað til að félagið dafni í takt við þann tíma sem við lifum í dag. Við þurfum að tileinka okkur og þekkja samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) en lögfesting hans stendur til í vor, og við eigum að vera öflugir málsvarar hreyfihamlaðs fólks hvarvetna á vettvangi samfélagsins. Liðið ár hefur verið viðburðarríkt og krefjandi, en líka spennandi og skemmtilegt. Í sameiningu höfum við einbeitt okkur að því að finna Sjálfsbjörg lsh. farveg til framtíðar þannig að félagið standi í raun fyrir því sem það segist standa fyrir, sem er að vera öflugur málsvari. Auk þessa var unnið að umbótum í rekstri félagsins. Framtíðarnefnd var sett á laggirnar sem vann að framtíðarmálefnum og stefnumótun Sjálfsbjargar með stefnumótunarráðgjafa. Laganefnd vann með lögmanni að endurskoðun og einföldun laganna og lagabreytingatillögum. Deiliskipulagstillaga Hátúnslóða 10, 12 og 14 var kynnt fyrir félögum Sjálfsbjargar á tveimur fundum, og var annar þeirra sambandsstjórnarfundur. Við tókum þátt í Reykjavíkurmaraþoni, héldum upp á 65 ára afmæli Sjálfsbjargar, enduroppnuðum sundlaug Sjálfsbjargar, seldum happdrættismiða, söfnuðum

hollvinum og vorum sýnileg á ýmsum miðlum. Við tókum þátt í norðurlandasamstarfi og erum að ýta úr vör verkefnum tengdum heilsuefningu hreyfihamlaðs fólks og sálfræðipjónustu við okkar félagsmenn. Það er óhætt að segja að við höfum verið í naflaskoðun og að heilmikil vinna hefur átt sér stað varðandi innra starf félagsins okkar. Þá tókum við virkan þátt í starfi ÖBÍ með því að tilnefna fulltrúa í málefnaþópa og erum í samvinnu við ÖBÍ og aðra aðila um verkefni tengd aðgengis- og hjálpartækjamálum.

Ég þakka stjórn, framkvæmdastjóra, formönnum, félögum og starfsfólki fyrir góða og mikla samvinnu í stefnumótandi málum fyrir Sjálfsbjörg síðasta árið og sömuleiðis laganefnd og lögmanni og framtíðarnefnd og ráðgjafa, sem lögðu til dýrmæta vinnu við mikilvæg framtíðarmál og lagabreytingatillögur á heildarlögum Sjálfsbjargar.

Megi Sjálfsbjörg verða enn öflugra félag og leiðandi afl í hagsmunamálum hreyfihamlaðs fólks.

Aðgengi fyrir okkur öll!

Puriður Harpa Sigurðardóttir
formaður Sjálfsbjargar lsh.

STJÓRNIR OG STARFSFÓLK

1.1 Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórninni að loknum landsfundi 2024.




Puríður Harpa Sigurðardóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, formaður




Rúnar Pór Björnsson, Sjálfsbjörg á Akureyri, varaformaður



Grétar Pétur Geirsson, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, gjaldkeri



Frímann Sigurnýasson, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, ritari



Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, varamaður



Stefanía Björk Stefánsdóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, varamaður (hætti í nóvember 2024)

1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh.

Logi Pröstur Linnét
Kristján Karl Júlíusson
Hafðís Eyland Gísladóttir
Margrét Sigríður Jónsdóttir
Linda Egilsdóttir
Hafsteinn Vilhjálmsson
Magnús G. Jóhannesson
Marie T. Robin
Svanur Ingvarsson

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu
Sjálfsbjörg í Bolungarvík
Sjálfsbjörg á Siglufirði
Sjálfsbjörg á Suðurnesjum
Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni
Sjálfsbjörg á Ísafirði
Sjálfsbjörg Skagafirði
Sjálfsbjörg á Vopnafirði
Sjálfsbjörg á Suðurland

1.3 Starfsfólk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2024




Sigríður Agnes Sigurðardóttir tók við starfi skrifstofustjóra þann 1. september 2023. Sigríður er framkvæmdastjóri samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri landssambandsins og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi.



Karl Ingi Karlsson var ráðinn í september 2022 til að vinna að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins og lóðar ásamt því að þjónusta húsið í heild. Karl tók við starfi umsjónarmanns fasteigna í apríl 2023.



Ólafur Tómasson hefur frá 2014 starfað að húsnæðis- og lóðatengdum verkefnum. Hans verkefni hafa m.a. verið vöktun húsnæðisins og margvísleg önnur verkefni tengd húsnæðinu.



Anna Kristín Jensdóttir hóf störf í móttöku á skrifstofu Sjálfsbjargar lsh í apríl 2024. Verkefni hennar eru símsvörun, móttaka á skrifstofu, aðstoð við fréttamiðlun og uppfærslu upplýsinga á heimasíðu þ.m.t. þekkingarmiðstöðin ásamt öðrum tilfallandi verkefnum sem koma á borð skrifstofu.

Starfsmenn sem létu af störfum 2024

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir lét af störfum sem bókari í apríl 2024.

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Á árinu voru starfandi eftirfarandi nefndir og starfshópar á vegum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra: Kjörnefnd, laganefnd og framtíðarnefnd.

2.1 Kjörnefnd

Á landsfundinum 2024 var kjörinn hluti kjörnefndar eða fjögur sæti. Hlutverk hennar samkvæmt lögum Sjálfsbjargar er að tryggja að það verði hið minnsta einn frambjóðandi í öll embætti sem kosið skal í á landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2024: María Óskarsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Sigurjón Sigurbjörnsson, Rúna Baldvinsdóttir og Björk Sigurðardóttir. Nefndin var kölluð saman 10 vikum fyrir landsfund, en fyrsti fundur var haldinn 11. mars 2025 sem var tæpum sjö vikum fyrir landsfund.

2.2 Laganefnd

Á Landsfundi 2024 var kjörinn hluti laganefndar eða tvö sæti. Hlutverk hennar er að fara yfir þær lagabreytingartillögur sem fram koma í aðdraganda landsfundar, ef ástæða þykir til, og koma með samræmingartillögur til stjórnar ef margar tillögur koma fram um sama atriðið. Stjórn kallar nefndina saman ef ástæða er til.

Laganefnd skipuðu að loknum landsfundi 2024: Ólafía Ósk Runólfssdóttir formaður nefndarinnar, Margrét S. Jónsdóttir, María Óskarsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Linda Sólrún Jóhannsdóttir.

Margrét S. Jónsdóttir og Björk Sigurðardóttir voru kjörnar til tveggja ára eða til 2026.

Laganefnd vann með Áslaugu Björgvinsdóttur lögmanni að einföldun og endurskoðun á lögum Sjálfsbjargar í heild frá hausti 2024 og fram í apríl 2025. Laganefnd leggur fram fyrir landsfundinn 2025 breytt lög (ný heildarlög). Mikil vinna fór fram

við endurskoðunina og margir fundir. Laganefnd og lögmaður eiga þakkir skyldar fyrir góða vinnu.

2.3 Framtíðarnefnd

Landsfundur 2024 samþykkti að setja á laggirnar framtíðarnefnd sem vinna skyldi að stefnu Sjálfsbjargar lsh. varðandi málefni, baráttuna og rekstur landsambandsins. Landsfundur fól stjórn að skipa nefndina. Stjórn samþykkti fimm aðila í nefndina og tvo varamenn:

Puríður H. Sigurðardóttir formaður Sjálfsbjargar, Sigríður A. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar sem jafnframt er í *Fríðunefndinni* sem vinnur að málum heildarlóða Hátún 10, 12 og 14, Jón H. Jónsson gjaldkeri ÖBÍ, Harpa C. Ingólfssdóttir HMS, Elmar L. Heiðarsson, Sjálfsbjörg Akureyri og nágrenni. Varamenn: Grétar Pétur Geirsson og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, bæði í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu.

Með nefndinni starfaði Hrönn Pétursdóttir stefnumótunaráðgjafi frá Partem.

Nefndin fundaði sex sinnum og hélt þrjá stefnumótunarfundi þar sem fulltrúar flestra aðildarfélaga Sjálfsbjargar tóku þátt. Niðurstaðan er Stefna Sjálfsbjargar sem lögð er fyrir Landsfundinn 2025.

2.4 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr

sjóðnum. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum einu sinni á ári. Árið 2024 var fjórum styrkjum úthlutað og hver að upphæð kr. 150.000.

Í lok landsfundar 2024 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: María Óskarsdóttir, Margrét S. Jónsdóttir og Linda Egilsdóttir.

2.5 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

Í lok landsfundar 2024 sat í stjórn sjóðsins: Hafdís B. Hilmarsdóttir.

Í nóvember 2024 auglýsti sjóðurinn styrki til fólks með fötlun til náms og til bætts aðgengis.

Veitt var úr sjóðnum við hátíðlega athöfn á 65 ára afmæli Sjálfsbjargar sem haldið var 6. nóvember 2024. Þess má geta að Jóhann Pétur hefði orðið

65 ára í september 2024 og er því jafnaldri félagsins. Sex aðilar fengu styrki samtals að upphæð 10 milljónir króna. Þar fékk Sjálfsbjörg tveggja milljóna króna styrk til kaupa á lyftustól í sundlaugina og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sex milljónir króna til að bæta aðstöðu við sumarhúsið í Reykjadal í Mosfellsdal.

2.6 Medic Alert

Sjálfsbjörg er aðildarfélag að MedicAlert. MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. MedicAlert er alþjóðlegt öryggiskerfi fyrir sjúklinga með bráða eða hættulega sjúkdóma og ofnæmi.

Í lok landsfundar 2022 var Hanna Margrét Kristleifsdóttir kosin fulltrúi Sjálfsbjargar, á landsfundi 2024 gleymdist að kjósa í embættið til tveggja ára eða til 2026 og verður því kosið í embættið til eins árs á landsfundi 2025.

FÉLAGSMÁLIN

3.1 Landsfundur 2024

Landsfundur Sjálfsbjargar lsh. var haldinn í Reykjavík 26. og 27. apríl 2024, í Hátúni 12, dagvistarrými Sjálfsbjargarhússins. Á fundinn voru mættir 27 fulltrúar og fimm áheyrnarfulltrúar frá átta aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn. Ekki tókst að klára dagskrárlið 3.2 Endurskoðaður ársreikningur, og samþykkti landsfundur tillögu þess efnis að fresta þeim lið til framhalds landsfundar. Framhalds landsfundur var haldinn rafrænn 3. júní 2024 þar sem dagskrárliðurinn sem út af stóð var afgreiddur.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

Ávarp formanns

Formaður sagði frá því að síðasta ár hefði verið mjög krefjandi fyrir samtökin en með samstöðu og þrautseigju hefði tekist að halda starfsemi að mestu leiti eðlilegri og unnið hafi verið að því að rétta af rekstur félagsins. Lýsti hún yfir ánægju með góða mætingu á 65 ára afmælisári landssambandsins og þakkaði stjórnarfólki fyrir störf sín á árinu.

Formaður lýsti landsfund settan.

Dagskrá lögð fram til samþykktar Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins hafði verið birt rafrænt á heimasíðu Sjálfsbjargar.

- Skýrsla stjórnar og drög að ársreikningi samtakanna fyrir árið 2023 voru kynnt. Ekki var hægt að bera ársreikningana upp og ákveðið að boða framhaldslandsfund þegar ársreikningur væri tilbúin frá endurskoðanda og stjórn búin að skrifa undir hann.



Formaður Margrét Lilja ásamt fundarstjóra og fundarritara.

Skýrsluna má finna á vefsíðu samtakanna og samþykktan ársreikninginn að loknum framhalds landsfundinn.

- Skýrslur félaganna - voru ekki sérstaklega kynntar. Formaður Sjálfsbjargar á Bolungarvík fylgdi sinni skýrslu úr hlaði og sagði frá öflugum starfi félagsins og hvatti aðildarfélög að vera sýnilegri í samfélaginu. Engar spurningar komu fram.



Frá landsfundi 2024.

- Skýrsla og ársreikningur Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2023 voru lögð fram til kynningar.
- Dagskrárbreytingatillaga varðandi að bæta við dagskrárlíð á fyrri degi landsfundar og um kostnaðarpátttöku Sjálfsbjargar varðandi gistingu fundargesta Landsfundar 2024 var samþykkt. Samþykktu landsfundarfulltrúar að þau aðildarfélög sem það gætu tækju þátt í kostnaði sinna landsfundarfulltrúa vegna Landsfundar.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og árið 2025, tilkynnt að yrði kynnt á komandi framhaldslandsfundi.
- Tillaga um óbreytt árgjald var lögð fram og samþykkt.
- Ályktun um kjaramál var samþykkt.
- Lagabreytingar. Samþykktar voru breytingar á greinum: 1, 3, og 16. Aðrar lagabreytingartillögur á greinum 8, 13, og 17 var samþykkt að vísa aftur til laganefndar til lagfæringa og yrðu lagðar fram á framhalds landsfundi.

Kosningar

Eftirfarandi aðilar hlutu kosningu:

Stjórn: Puriður Harpa Sigurðardóttir, Grétar Pétur Geirsson, Guðni Sigmundsson. Varamaður Stefánía B. Björnsdóttir.

Laganefnd: Margrét S. Jónsdóttir og Björk Sigurðardóttir.

Kjörnefnd: María Óskarsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Sigurjón Sigurbjörnsson og Rúna Baldvinsdóttir.

Hjálparliðasjóður: Engin kosning

Minningarsjóðu JPS: Hafdís B. Hilmarisdóttir - Sjálfsbjörg á Suðurnesjum

Medic Alert: Gleymdist að kjósa

Kjarkur endurhæfing: Ólafía Ósk Runólfisdóttir aðalmaður og Pála Kristín Bergsveinsdóttir varamaður

- Önnur mál. Herdís Ingvadóttir, fráfarandi formaður Akureyrar og nágrennis og Ívar Herbertsson sem sátu sinn síðasta landsfund, voru þökkud góð störf í þágu Sjálfsbjargar í 30 ár. Herdís var færð að gjöf fyrir hennar góða

starf stytta af Sjálfsbjargarmanninum, gerð eftir Sjálfsbjargarmerki Ríkarðs Jónssonar, af Þorgils Óttari Erlingssyni á Ísafirði. Samþykkt var tillaga nýkjörins formanns um að sett yrði á lagginar framtíðarnefnd til að vinn að stefnumótun.

Fundi frestað kl. 13.47 til framhalds landsfundar 3. júní kl. 16.00 sem haldinn var rafrænt.

- Framhaldslandsfundur 3. júní kl. 16.00 settur af formanni.
- Endurskoðandi frá Pwc kynnti ársreikninginn sem undirritaður og samþykktur var af stjórn.
- Ársreikningurinn borin upp og samþykktur af landsfundarfulltrúum.
- Lagabreytingar: Formaður laganefndar tilkynnti að lagabreytingar yrðu teknar til skoðunar í vetur og kynntar á næsta landsfundi í apríl 2025.
- Dagskrárbreytingatillaga samþykkt um að taka á dagskrá ályktun um hjálpartæki. Var sú ályktun samþykkt af landsfundarfulltrúum.

Fundi slitið kl. 16.40.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

Ályktanir samþykktar á landsfundi Sjálfsbjargar 2024:

Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. kallar eftir leiðréttingu á kjörum öryrkja strax, leiðrétt þarf kjargliðun (kjaraskerðingar) stjórnvalda frá því fyrir hrun og til dagsins í dag.

Ekki er löglegt að örorkulífeyrir sé meira en 100.000 kr. lægri en lægstu launataxtar og krefjumst við leiðréttingar á þessu strax. Þetta átti að vera tryggt með 69. gr. laga almannatrygginga, nú 62 gr. laga.

„62. gr. Árleg breyting fjárhæða.

Greiðslur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 42. gr. og fjárhæð skv. 28. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. krefst leiðréttingar á þessum skerðingum stjórnvalda strax. Þetta eru peningar sem öryrkjar hafa verið hlunnfarnir um þrátt fyrir fyrirsmáli 62. gr laga, sem sjá má hér ofar.

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. kallar eftir áætlun

stjórnvalda um hvernig stjórnvöld ætla að vinna samkvæmt 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um viðunandi lífskjör og félagsleg vernd. Þar segir:

„Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa, meðal annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar“.

Við sjáum ekki að stjórnvöld hafi tryggt öryrkjum sífellt batnandi lífskilyrði heldur hafi stjórnvöld skert lífeyri öryrkja skipulega undanfarandi ár og þannig skapað umtalaða kjaragliðun.

Við stjórnvöld segjum við: „Skilið skerðingunum og hættið að spila með fólk“.

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. hafnar tillögum um starfsgetumat, eins og samtökin hafa gert undir eigin nafni og í samstarfi við ÖBÍ.

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. skorar á Alþingi Íslendinga að fara að eigin lögum með tilvísan til 62. gr almannatryggingalaga, afturvirkir eins og á við um kjör alþingismanna sjálfra.

Við höfnum starfsgetumati og krefjumst leiðréttingar á skerðingum stjórnvalda á örorkubótum svo þær hækki til jafns við almenn laun á vinnumarkaði.

Ályktun um hjálpartækjalöggjöfina

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. skorar á heilbrigðisráðherra að leggja fram endurskoðað og uppfært lagafrumvarp um hjálpartæki á vorþingi 2025.

Landsfundur Sjálfsbjargar Lsh. krefst þess að þegar í stað verði hafin vinna við uppfærslu á gildandi hjálpartækjalöggjöf og að þar verði virkt samráð haft við notendur hjálpartækja sem eru fatlað fólk.

Fatlað fólk er mikilvægur hluti af fjölbreytileika samfélagsins, það er í öllum þjóðfélagshópum og á öllum aldri. Í samfélagi sem gerir sífellt meiri kröfur til samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og sem fatlað fólk sjálft gerir kröfur um, er aðgengi að margskonar hjálpartækjum grundvallaratriði. Til þess að inngilding og samfélagsþátttaka geti raunverulega orðið, verður að uppfæra hjálpartækjalöggjöfina til nútímans. Mörg ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttind fatlaðs fólks (SRFF) taka til hjálpartækja, enda er tilgangur þeirra að jafna stöðu fatlaðs fólks. Samningurinn (SRFF) staðfestir í 26. grein, rétt fólks til sjálfsbjargar sem inniber í sér rétt til hjálpartækja til samfélagsþátttöku á öllum sviðum samfélagsins.

Landsfundurinn hvetur stjórnvöld til að vinna saman þvert á ráðuneyti og með sveitarfélögum til að heildarendurskoðuð hjálpartækjalöggjöf nái markmiðum sínum, að gagnast notendum hjálpatækja, börnum og fullorðnum í skóla, íþróttum, tómstundum, frítíma, atvinnulífi og einkalífi.

Ísland fullgilti samninginn 2016, það er tími til komin að vinna eftir honum.

3.2 Formannafundir


Tveir formannafundir/sambandsstjórnarfundir voru haldnir á árinu 2024 sá fyrri 16. apríl og sá seinni 12. september. Á fyrri formannafundi var ársreikningur Sjálfsbjargar til umræðu og upplýsti þáverandi stjórn að hann yrði ekki tilbúinn fyrir landsfundinn í lok apríl. Formenn samþykktu að halda landsfundinn á tilsettum tíma og boða framhalds landsfund til að taka fyrir endurskoðaðan ársreikning, samþykktan og undirritaðan af stjórn. Staða landssambandsins rædd og samþykktu formenn að taka þátt í hóteltæknaði á landsfundi. Rædd var samstaða aðildarfélaganna Sjálfsbjargar og samvinna við önnur félög innan ÖBÍ.

Seinni formannafundur var samkvæmt nýsamþykktum lögum, sambandsstjórnarfundur. Hann var 12. september kl. 14-15 og var bæði staðfundur og rafrænn fundur og haldinn í Mannréttindahúsi ÖBÍ í Sigtúni 42. Góð mæting var á fundinn. Farið var yfir starfið frá landsfundi

og starfið fram undan. Deiliskipulagstillaga Hátúnslóða 10, 12 og 14 kynnt og að lokum umræður um málefni Sjálfsbjargar.

3.3 Stefnumótun

Þrír stefnumótunarfundir á vettvangi Sjálfsbjargar voru haldnir á tímabilinu 2024 til 2025 og tóku þátt fulltrúar flestra aðildarfélaganna. Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi leiddi vinnu við stefnumótunina og stýrði fundum. Svára þurfti spurningunni, hver erum við og til hvers erum við? Tilgangur fyrsta fundarins var að greina stöðu félagsins og fá fram sjónarhorn á því hvað væri mikilvægt að félagið legði áherslu á í starfinu á næstu árum. Efnið sem kom frá fundinum var notað til að móta tillögur að hlutverki, framtíðarsýn, gildi og grunn starfsþáttum Sjálfsbjargar. Þær tillögur voru lagðar fyrir sama hóp á öðrum stefnumótunarfundi sem haldinn var í nóvember 2024. Tillögurnar fengu þar góðan hlómgrunn og stuðning til áframhaldandi vinnslu. Í framhaldi var unnið að því að skýra ítarlegar markmið og áherslur starfsins, út frá því sem þegar hafði verið samþykkt. Niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt hópnum á þriðja stefnumótunarfundinum sem átti sér stað í febrúar 2025 og fékk þar áfram jákvæð viðbrögð. Milli stefnumótunarfundanna þriggja hittist framtíðarnefnd í all mörg skipti með ráðgjafa og vann efnið og tillögurnar. Niðurstaða stefnumótunar var send til aðildarfélaganna og birt á heimasíðu Sjálfsbjargar. Stefnan er lögð fyrir landsfund 25. apríl 2025.



Frá stefnumótunarfundi í september.

MÁLEFNI OG VERKEFNI

4.1 Aðgengi

Aðgengismál eru málefni Sjálfsbjargar, og hafa félagar gert sig gildandi í þeim málaflokki gagnvart sveitarfélögum og ýmsum þjónustuveitendum, auk þátttöku í aðgengishópi ÖBÍ og notendaráðum sveitarfélaga um landið. Þrátt fyrir tilkomu laga um algilda hönnun árið 2012 og fjölbreytt aðgengisverkefni á síðustu árum, er enn langt í land að aðgengi sé tryggt fyrir alla, alls staðar. Þekkingu á þessum málaflokk hjá ríki og sveitarfélögum er ábótavant og lög og reglur misjafnlega túlkaðar.

Aðgengi að manngerðum byggingum, hvort sem það eru sundlaugar, aðgengi að íþróttasvæðum, opinberum byggingum, ferðamannastöðum og þjónustu hverskonar, er verkefni sem aldrei er lokið. Hreyfihamlaðir félagar Sjálfsbjargar þekkja mörg af eigin raun hverjar hindranirnar eru og hafa því sérfræðiþekkingu byggða á notendasjónarmiði sem dýrmætt getur verið fyrir utanaðkomandi að fá innsýn í. Þekking á byggingareglugerðum er mjög til bóta, og hafa fulltrúar Sjálfsbjargar í Aðgengishópi ÖBÍ og notendaráðum um landið fengið kynningu þar um, frá ÖBÍ. Hugmyndafræði Algildrar hönnunar er nú, nokkuð útbreidd og má þakka það öflugum hagsmunasamtökum sem barist hafa fyrir aðgengi, Aðgengishópi ÖBÍ, verkefnisstjóra aðgengusfulltrúa ÖBÍ og Römpum upp Ísland, sem hafa átt verulegan þátt í að auka vitneskju almennings og sveitarfélaga um mikilvægi aðgengis.

4.2 Hjálpartæki

Síðla vetrar 2024 var undirskriftaherferðinni **Öll nema fötluð** hrundið af stað í samstarfi við Takk.

Þar var hvatt til þess að hjálpartækjalöggjöfin yrði uppfærð þannig að hún tryggði hreyfihömluðu fólki tækifæri til að m.a. lifa sjálfstæðu lífi, stunda íþróttir og tómstundir, mennta sig, taka þátt á vinnumarkaði og sinna foreldrahlutverki í september afhentu Sjálfsbjargarfélagar þáverandi heilbrigðisráðherra Willum Þór Þórssyni, 8700 undirskriftir úr undirskriftaherferðinni Öll nema fötluð.

Landsfundur Sjálfsbjargar 2024 ályktaði um hjálpartæki og skoraði á heilbrigðisráðherra að leggja fram endurskoðað og uppfært lagafrumvarp um hjálpartæki á vörpingi 2025. Bent var á mikilvægi þess að hjálpartækjalöggjöfin samræmdist nútíma kröfum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í kjölfarið var óskað eftir að Sjálfsbjörg ætti fulltrúa í starfshópi sem heilbrigðisráðherra setti á laggirnar í október 2024. Skipunarbréf barst formanni Sjálfsbjargar í lok nóvember 2024, sjónarmið hreyfihamlaðra varðandi hjálpartæki til notkunar m.a. í íþróttum og frístundum koma fram í niðurstöðum starfshópsins sem skilaði skýrslu í byrjun apríl 2025 til núverandi heilbrigðisráðherra.

4.3 Ýmis verkefni

Tvö ný og spennandi verkefni eru á dagskrá ársins 2025 sem unnið var að árið 2024.

Sótt var um verkefnastyrki til Heilbrigðisráðuneytisins annars vegar fyrir Heilsueflingu hreyfihamlaðs fólks og hinsvegar fyrir sálfræðiþjónustu við félagsfólk Sjálfsbjargar. Bæði verkefnin fengu styrki samtals að upphæð 6.5 milljónir. Arna Sigríður Albertsdóttir, íþróttافرæðingur var ráðin í hlutastarf til að vinna að



Afhending undirskriftasöfnunarinnar *Öll nema fötluð*. Sjálfsbjargarfélagar og heilbrigðisráðherra Willum Þór Þórsson 16. september 2024.

Heilsueflingu hreyfihamlaðra. Þá hefur verið skrifað undir samstarfssamning við Samskiptastöðina um að þjónusta Sjálfsbjargarféлага hvort heldur varðar sálfræðipjónustu, fjölskylduráðgjöf, félagsráðgjöf eða annað sem fyrirtækið býður upp á. Félagsfólk í Sjálfsbjörg getur nú sótt um tíma hjá Samskiptamiðstöðinni sér að kostnaðarlausu, en gert er ráð fyrir 3-5 tímum á hvern einstakling sem sækir um.

4.4 Samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Ferðamálastofu, ÖBÍ réttindasamtaka og Húsnæðis- og mannvirkjastofnununar

Í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Sjálfsbjörg lsh. og ÖBÍ réttindasamtök setti Ferðamálastofa af stað fræðslu- og hvatningarverkefni fyrir ferðapjónustuaðila undir nafninu Gott aðgengi. Tilgangur verkefnisins er að bæta aðgengi í ferðapjónustu. Sérstakur úttektarlisti var gerður út frá aðgengislykli Sjálfsbjargar auk fræðsluefnis fyrir rekstraraðila og starfsmenn gisti- og veitingastaða. Ferðapjónustuaðilar fara í gegnum sjálfsmat varðandi aðgengi staðarins og í framhaldi af því geta þeir sett sérstakt aðgengismerki á heimasíðu sína, sem sýnir að þeir telji staðinn uppfylla aðgengiskröfur þess aðgengismerkis. Á árinu 2024 áttu samstarfsaðilar reglulega fundi þar sem frampróun verkefnisins var rædd. Var ákveðið að

hanna einfalt matskerfi að fyrirmynd Unndísar, til að gera ferðapjónustuaðilum auðveldara að staðsetja aðgengismál fyrirtækisins. Tók ÖBÍ í samvinnu við Sjálfsbjörg lsh. að sér að aðlaga matskerfi ferðapjónustunnar að matskerfi Unndísar sem er verkfæri/leiðarvísir með innbyggðu matskerfi sem styður við inngildandi vinnustaðamenningu. Unndís á sér fyrirmynd hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna: UNDIS: United Nations Disability Inclusion Strategy. Áfram verður unnið að verkefninu árið 2025.

4.5 Römpum upp Ísland

„Eitt lítið þrep getur skilið á milli þess hvort einstaklingur sem notar hjólastól geti tekið þátt í samfélaginu. Hvort hann geti hitt vini sína á kaffihúsi eða verslað inn jólagjafir fyrir börnin sín. Oft þarf ekki miklar breytingar til þess að laga þetta þrep og opna þannig nýjan heim fyrir þúsundir einstaklinga.“
Haraldur Ingi Þorleifsson stofnandi RUÍ, mars 2025.

Í mars 2021 var verkefnið Römpum upp Reykjavík kynnt. Markmiðið var að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík. Byggja átti 100 rampa á einu ári. Það tókst á átta mánuðum. Sjálfsbjörg hefur fylgt Rampa verkefninu frá því að það var sett á laggirnar 2021 og nú, 2025 er komið að leiðarlökum. Á árinu 2024 voru fjólmargir rampar gerðir um landið og alltaf var hátíð þegar rampur var vígður. Römpum upp Ísland lauk formlega með vígslu síðasta rampsins við Háskóla



Mynd tekin í september 2024 við víslu ramps og aðgengilegs bíls hjá Hertz bílaleigu. Á myndinni má sjá þrjá fulltrúa Sjálfsbjargar auk formanns RUÍ, rampagengis og starfsmanna Hertz bílaleigu.

Íslands 14. mars. Árið 2024 var unnið að rampagerð um allt land, fjöldi nýrra rampa bættist við og í lokin voru þeir orðnir 1.756 talsins og markmiðinu um 1.500 rampa löngu náð. Notendur hjólastóla hafa því í dag 1.756 fleiri staðir til að fara á og njóta en fyrir fjórum árum síðan.

Það var Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar sem klippti á borðann við víslu síðasta rampsins en hún klippti einnig á borðann við víslu fyrsta rampsins.



Nýr rampur vígður í Bolungarvík.

Haraldur Þorleifsson, frumkvöðull og stofnandi hönnunar fyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er stoltur styrktaraðili verkefnisins og á tvo fulltrúa í stjórn; Þuríður Harpa Sigurðardóttir, fyrrum formaður ÖBÍ og núverandi formaður Sjálfsbjargar Ish, er varaformaður stjórnar Römpum Upp Ísland og er Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar, varamaður í stjórn.

4.6 Norðurlanda samstarf

Nordisk Handikappförbund (NHF) eru samtök norræna félaga hreyfihamlaðs fólks sem Sjálfsbjörg Ish. hefur verið aðili að frá 1963. Önnur félög eru Dansk Handicap Forbund, Norges Handikapforbund, DHR Delaktighet, Handlingskraft, Rörelsefrihet og Invalidiliitto.

Samtökin funduðu tvisvar og var fyrri fundurinn haldinn 14.-15. maí í Reykjavík. Formennska í ráðinu ræður hvar fundir eru haldnir hverju sinni. Nú var formennskan í höndum Íslands.



Fundinn sátu Þuríður Harpa formaður Sjálfsbjargar lsh., Rúnar Þór varaformaður og Margrét Lilja fyrrverandi formaður landssambandsins sem stjórnaði fundinum.

Skýrslur landanna voru ræddar og sögðu Finnar og Svíar frá niðurskurði í málefnum fatlaðra nú þegar hægri borgaraflokkar hafa tekið við stjórnartaumunum. Fjárveitingar til hernaðarmála eru taldar hafa haft áhrif á niðurskurð í velferðarmálunum. Þá hafa fötlunarhreyfingar í samstarfi við ríkisstjórnir og sveitarfélög skoðað aðgengi fatlaðs fólks og sér í lagi hreyfihamlaðara að sprengjubyrkjum sem verið er að koma upp. Rætt var um P merki og sérstök frikort fyrir aðstoðarfólk og venslafólk fatlaðs fólks, aðgengi fatlaðra á íþróttaviðburði og Evrópska fötlunarkortið (European Disability Card) og hvaða möguleika það gefi fötluðu fólki á ferð þess um Evrópu.

Á haustfundi Nordisk Handikap Forbund (NHF) 2024 var stofnaður starfshópur um innleiðingu samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Norðurlöndunum. Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir var valin til þess að leiða þá vinnu og var ákveðið að funda yrði þriðja hvern mánuð á TEAMS. Hvert félag er með tvö/þrjú sæti í hópnum og eru þar ýmist formenn, starfsmenn og/ eða stjórnarmenn. Starfshópurinn hélt fyrsta fund í október 2024 og er mikil ánægja með þennan nýja vettvang sem nýtist til þess að kafa dýpra í málefni en fundir NHF á vori og hausti leyfa. Markmið hópsins er að fara yfir stöðu innleiðingar hverrar



greinar SRFF fyrir sig á Norðurlöndunum, bera saman mannréttindalöggjafir landanna, skiptast á þekkingu, leita lausna í sameiningu og síðast en ekki síst skrifa umsagnir um stöðu hreyfihamlaðs fólks á Norðurlöndunum sem sendar eru á SRFF nefnd Sameinuðu Þjóðanna.

Næsti fundur NHF verður haldinn í Helsinki 7. og 8. maí n.k. og mun Sjálfsbjörg taka þátt rafrænt að þessu sinni.

4.7 Reykjavíkumaráðuneytið Íslandsbanka

Sjálfsbjörg tók þátt í Reykjavíkumaráðuneytinu sem fram fór í ágúst 2024. Ákveðið var að safna fyrir lyftu í Sundlaug Sjálfsbjargar, sem hugur stendur til að endurnýja. Níu hlauparar skráðu sig til leiks og hlupu til styrktar Sjálfsbjörg, þar á meðal fyrrum forseti Guðni Th. Jóhannesson. Söfnuðust samtals kr. 483.810.



Formenn Sjálfsbjargar lsh. fyrrverandi og núverandi. Frá vinstri: Ragnar Gunnar Þórhallsson, Guðríður Ólafs- og Ólafíudóttir, Grétar Pétur Geirsson, Puriður Harpa Sigurðardóttir formaður, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir og Bergur Þorri Benjamínsson. Með á myndinni fyrir aftan PHS er Rúnar Þór Björnsson varaformaður Sjálfsbjargar lsh.

4.8 Sjálfsbjörg lsh. 65 ára

Árið 2024 var sextugasta og fimmta starfsár Sjálfsbjargar lsh. Þess var minnst með því að setja afmælismarki á efni sem frá okkur fór, svo sem happdrættismiða og auglýsingaefni. Afmælið var haldið hátíðlegt þann 6. nóvember og heppnaðist afmælishátíðin mjög vel. Margir góðir gestir heiðruðu okkur með nærveru sinni, þar á meðal heilbrigðisráðherra Willum Þór



Þórrsson og hans fylgdarlið. Við þetta tækifæri tók Kjarkur endurhæfing formlega í notkun endurhæfingarármið á fjórðu hæðinni og veitt var úr Minningarsjóði Jóhanns Péturs Sveinssonar. Að auki var sundlaugin enduropnuð. Gestir nutu ræðuhalda og veitinga og fengu leiðsögn frá starfsfólki Kjarks um nýja endurhæfingarármið, að lokum gafst þeim tækifæri til að heimsækja sundlauginna þar sem Jón Heiðar Jónsson og Hlín Arnþórsdóttir forstöðumaður sundlaugarinnar fræddu fólk um starfsemina í gegnum árin og stöðuna í dag.



REKSTRARMÁL – STARFSEMI

5.1 Kjarkur endurhæfing

Stærsta og viðamesta rekstrareining Sjálfsbjargar lsh. er Kjarkur endurhæfing (áður Sjálfsbjargarheimilið), en það er rekið í hluta Sjálfsbjargarhússins.

Kjarkur endurhæfing er skilgreint sem endurhæfingarstofnun fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og í samþykktum segir m.a.: „Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem tekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfi- hamlaða einstaklinga sem glíma við tauga-

og/eða heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.“

Hlutverk Kjarks er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýnin er „aftur út í lífið“.

Stærsta verkefni ársins 2024 voru endurbætur á 500 m² rými á 4. hæð hússins fyrir dagþjónustuna. Húsnæði dagþjónustunnar var ekki hentugt til endurhæfingar og í fjarlægð frá öðrum starfseiningum. Með því að flytja starfsemina á 4. hæð þá næst betri samþætting starfseminnar



á sama stað í húsinu. Skipta þurfti um klæðningu í lofti, allar hurðir voru endurnýjaðar, veggir rifnir, opnuð ný hurðargöt og öðrum lokað. Skipt var um gólfduka á hluta rýmisins og settar upp innréttingar í flest herbergi. Með þessari breytingu fékkst nýtt hreyfirými, slökunarherbergi, jógaherbergi, minni þjálfunarrými fyrir einstaklingsþjálfun og tvö stærri þjálfunarrými fyrir hópa. Einnig var sett upp þjálfunareldhús og betrubætt öll aðstaða fyrir þjónustuþega. Settir voru upp munaskápar, fatahengi, móttaka og kaffistofa sem nýtist bæði sem samverurými og fræðsluaðstaða.

Nýja rýmið hefur gjörbreytt allri aðstöðu til endurhæfingar og lögð var áhersla á að rýmið væri róandi og huggulegt fyrir utan að ná fram notagildi sem við höfum ekki haft áður.

Fjöldi stöðugilda á árinu 2024 var 47 en nokkrir starfsmann eru í hlutastörfum. Reynt hefur verið að draga út hlutastörfum eins og hægt er en lítil starfsmannavelta var á árinu. Í dag starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og fagfólks hjá Kjarki og sífellt er verið að skoða leiðir til að þetta hópinn.

Kjarkur endurhæfing er alfarið rekið fyrir fjárlög frá ríkinu og var rekstrarframlagið fyrir árið 2024 um 860 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2024 var um 65 milljónir en taka þarf tillit til þess að ríkið greiddi til Kjarks vegna kjarasamninga 40 milljónir í byrjun árs 2025 sem er bókað með tekjum ársins 2024 þótt greiðslan hafi ekki borist fyrr en árið 2025. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Kjarkur endurhæfing gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning og nánari upplýsingar um starfið. Skýrsluna má finna á vefsíðu www.kjarkurendurhaefing.is einnig er haldið úti facebook síðu undir nafninu Kjarkur endurhæfing og Instagramsíðu sem má finna undir heitinu kjarkurendurhaefing.

5.2 Sjálfsbjargarhúsið

5.2.1 Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra (þá Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra) ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samkvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö, samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina sem er

undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Heildarlóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 m² að grunnfleti á sex hæðum.

Haustið 2023 var stofnuð nefnd um lóðina og mögulega uppbyggingu á svæðinu. Nefndin samanstendur af tveimur aðilum frá Brynju leigufélagi, tveimur aðilum frá Sjálfsbjörg lsh. og einum frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík. Tilgangur nefndarinnar er að stuðla að samstarfi innan svæðisins. Nefndin hóf strax vinnu að samkomulagi um lóðaskiptingu og er hún tilbúin. Lóðarleigusamningur er í vinnslu í milli Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi aðila.

Nefndin leitaði til Nordic Office of Architecture um frekari uppbyggingu á lóðunum þremur þar sem horft yrði til framtíðarnotkunar og byggingarmagns á lóðunum. Óskað var eftir tillögum þar sem hámarkað yrði byggingarmagnið sem komið yrði fyrir á lóðunum að teknu tilliti til núverandi notkunar öryrkja á þeim. Það var ósk nefndarinnar að við gerð tillagna um uppbyggingu yrði haft að leiðarljósi að tryggja sem best félagslega blöndun á svæðinu. Tillaga að deiliskipulagi var tilbúin í apríl 2024, í henni er byggðin tengd við aðra byggð á svæðinu með hærri byggingum við aðalgötur sem mynda vörn gegn vindi og hljóðmengun. Þá er þess gætt að byggingar séu ekki svo háar að þær skyggi á sól inn á svæðið. Reykjavíkurborg hefur tekið vel í tillöguna og því er einungis eftir að klára skjöl og samþykktir.

Framtíð lóðarinnar Hátún 12 er í höndum Sjálfsbjargarfélaga og mikilvægt að myndist samstaða um hvernig henni er ráðstafað í þágu Sjálfsbjargar. Hugmynd er að selja hluta byggingarréttar á lóðinni og nýta fjármagnið til þess að lagfæra og bæta húsnæðið að Hátúni 12 og aðstöðu leigenda í húsinu.

5.2.2 Húsnæðismál 2024

Á mörgum árum hefur safnast upp þónokkur viðhaldsskuld á Sjálfsbjargarhúsinu. Sjálfsbjörg lsh. er eigandi að húsinu og hefur verið séð til þess að brýnu viðhaldi og viðgerðum sé sinnt.

Flestar íbúðir hússins hafa verið endurnýjaðar og viðhaldi sinnt vel undanfarin ár innanhúss. ástand hússins að innan er því orðið gott.

Sjálfsbjargarhúsið er komið til ára sinna og var viðhald í lágmarki í þó nokkur ár. Eigandi hússins, Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, er komin í mikla uppsafnaða verkskuld með tilheyrandi kostnaði. Meirihluti íbúða í Sjálfsbjargarhúsinu fengu yfirhalningu, en á árunum

2021- 2022 voru þær gerðar fokheldar, skipt út innréttingum í eldhúsi og baðherbergjum, nýr gólfdukur á alrými, baðherbergi og herbergi þar sem við á, ný blöndunartæki sett inn og allt málað í hólfi og gólf. Árið 2023 var stefnt að málun glugga hússins en verkinu frestað. Umsjónarmaður fasteigna hefur svo skipt út skápum eða og sinnt tilfallandi breytingum og viðhaldi eftir þörfum.

Árið 2023 gerði aðili frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu úttekt á húsinu. Skilaði úttektin löngum lista athugasemda sem brugðist var við það ár. Ask arkitektar sáu um nýjar teikningar sem unnar voru út frá eldri teikningum. Brunahönnun var í höndum Örug verkfræðistofu.

Gluggar og bláir fletir á vesturhlið hússins voru málaðir sumarið 2024. Stefnt er að því að hreinsa, verja og mála þak D-álmunnar (dagbjónustuhúsið) sumarið 2025 til þess að lengja líftíma þess og um leið fresta endurnýjun þaksins.

Fyrirliggjandi er að skipta út gluggum í sundlaugar rýminu en þar sem þeir snúa ekki í norð-austur átt þá mæðir ekki mikið á þeim og gluggaskiptin ekki aðkallandi. Sama með gluggana sem eru í því rými sem Stjá sjúkraþjálfun leigir. Stefnt er að málun og viðgerð glugga árið 2026.

Þak á húsi sundlaugar og Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu tók að leka í lok árs 2024 og standa yfir lagfæringar á því ásamt því að verja þakið til að koma í veg fyrir frekari leka. Viðgerðirnar eru kostnaðarsamar.

Sundlaugin var tekin aftur í notkun í júní 2024, starfsmaður Sjálfsbjargar var ráðin í apríl Almenn opnun er á mánudögum og fimmtudögum frá 8:30-11:30 og hafa þeir verið vel sóttir. Kjarkur

endurhæfing, Gigtarfélag Íslands, Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, ungbarnasund og flotnámskeið er hafa m.a. nýtt sér sundlaugina.

Kjarkur endurhæfing tók við 4. hæðinni í B-álmu í nóvember 2023 og hófst þegar handa við endurbætur á húsnæðinu þannig að það hentaði betur og uppfyllti þarfir starfsemi dagbjónustunnar. Kostnaður Sjálfsbjargar vegna breytinga var um kr. 4.000.000. Starfsemi Kjarks er þar með á 2.-4. hæð hússins auk þess sem leigjendur á 2.-4. hæð eru þjónustuþegar þeirra að undanskildum einum leigjanda.

5. hæðin er rými sem enn stendur ónotað, áform voru um að breyta hæðinni í leiguíbúðir en hætt við það árið 2023. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hæðina að öðru leiti en að umsjónarmaður fasteigna mun dytta að henni þannig að hún verði tilbúin fyrir nýjan leigjanda. Sú framkvæmd ætti að vera á bilinu þrjár til fjórar milljónir króna.

D-álman, áður dagbjónusta Kjarks, hefur staðið tóm síðan sumarið 2024 en áform eru um að leigja út rýmið undir ýmis konar starfsemi líkt og aðra hluta hússins.

5.3 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Meginhlutverk PMS er að vera fræðslu- og upplýsingagátt fyrir hreyfihamlaða sem og tengda aðila. Þekkingarmiðstöðin hefur legið í láginni um nokkurt skeið enda mikið af upplýsingaefninu sem PMS bauð, komið inn á Ísland.is. Fyrir liggur að gera breytingar á PMS og endurskoða vefsíðu og verkefni PMS með tilliti til reksturs og kostnaðar m.a. við starfsmann. Verið er að skoða möguleika til fjármögnunar. Eins og er svara skrifstofan og formaður þeim fyrirspurnum sem berast.

FJÁRMÁL

6.1 Fjárhagsstaðan

Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2024 er aftast í skýrslunni. Árið 2024 var nýtt til þess að lagfæra ferla í bókhaldi, og útvista því en bókhaldsstofan 3 skref tók við bókhaldinu í júní. Á þeirra höndum er að færa bókhald, útbúa reikninga og sjá um launavinnslu.

Rekstrartekjur (án fjármagnsgjalda) í heild voru 219,5 m.kr. árið 2024 en 221,7 m.kr. árið 2023. Helsta skýringin er lækkun á sölu happdrættismiða. Tap var á rekstri ársins sem nemur um 18 m.kr. Helsta skýringin á tapi ársins er sú að á árinu voru greiddar skuldir fyrri ára ásamt því að greiða það sem Sjálfsbjörg bar að greiða vegna niðurstöðu dómsmáls gegn fyrrverandi framkvæmdastjóra og fyrrverandi fjármálastjóra. Kostnaður vegna þess var um 12,2 milljón krónur. Að auki kom til uppgjors við Brynju leigufélag vegna niðurstöðu dóms vegna lóðamála að fjárhæð kr. 1.5 milljón krónur. Aðrar skuldir fyrri ára voru m.a. vegna þrifa, og vinnu vegna happdrættis.

Húsnæðiskostnaður ársins 2024 voru 102,6 milljónir króna og hækkaði um 26 m.kr. frá árinu 2023. Helsta skýring á mikilli hækkun er vegna þess að ekki voru kostnaðarsamar framkvæmdir eða viðhald á árinu 2023. Verkefni framundan eru hefðbundið viðhald innandyrna sem utan og er af nógu að taka. Utandyra er ennþá verk að vinna, gluggar hússins liggja undir skemmdum og liggur á að klára að mála þá ásamt viðgerð á þaki á tveimur stöðum, C-álmu og þjónustumiðstöðinni. Allt af koma upp ófyrirséð verkefni í stóru og gömlu húsi.

Lokið var við að yfirfara brunavarnir í húsinu,

uppfæra neyðarmerkingar í samræmi við núgildandi staðla og endurteikna til þess að réttar samþykktar teikningar séu til staðar í opinberum gögnum.

Lyftur Sjálfsbjargarhússins eru gamlar og biluðu margoft á árinu og þurfti að kalla út vaktmenn til að sinna viðgerðum og skipta um lyftubúnað. Kostnaður við nýjar aðallyftur er um 20 milljón krónur en fjárhagsstaða Sjálfsbjargar leyfir ekki kaup á nýjum lyftum. Leitað hefur verið styrkja en sú leit hefur ekki borði árangur. Lyfturnar eru aðal lífæð hússins og mjög mikilvægar íbúum og gestkomandi. Vonir eru bundnar við að fundin verði lausn árið 2025.

Launakostnaður starfsmanna var 50,9 milljón krónur en var 66,6 milljónir króna árið 2023. Í apríl var ráðinn inn móttökuritari og umsjónarmaður sundlaugar. Bókari lét af störfum í maí. Stjórn tók ákvörðun um að formaður færi í 100% starf, til að vinna að og sinna því verkefni að koma starfsemi landssambandsins í réttan farveg. Titli skrifstofu- og rekstrarstjóra var breytt í framkvæmdarstjóra enda falla störf hennar undir störf framkvæmdastjóra. Heildarfjöldi starfsfólks landssambandsins í lok árs 2024 voru sex einstaklingar, þar með talinn formaður stjórnar.

Styrkir á árinu frá ÖBÍ réttindasamtökum voru um 6,4 milljónir króna og fjáraflanir Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra námu um 79,3 m.kr. sem er hækkun um tæpar 7 m.kr. frá árinu á undan.

Pegar efnahagsreikningurinn er skoðaður kemur

fram að eignir í lok árs 2024 eru alls 235,1 milljónir króna. Fasteignir og lóðin er bókfært á 235 milljónir króna meðan fasteignamat Hátúns 12 er um 4 milljarðar króna.

Langtímaskuldir eru 136 milljónir króna tilkomnar m.a. vegna láns sem var tekið sumarið 2024 til endurfjármögnunar eldra láns og uppgreiðslu skulda sem landssambandið var komið í.

6.2. Starfsmannamál

Breyting á starfsmannahaldi á árinu var nokkur. Hlín Íris Arnpórsdóttir var ráðin inn sem umsjónarmaður sundlaugar í 100% stöðu, Anna Kristín Jensdóttir var ráðin sem móttökuritari í 50% stöðu. Ásta Pórdís Skjalddal Guðjónsdóttir lét af störfum. Allt samstarf stjórnar og skrifstofu sem og innan skrifstofu er gott.

6.3 Helstu tekjur og fjáraflanir

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra heldur reglulega úti ýmsum fjáröflunum sem í áranna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. Fjárförfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugum málefnum og halda við stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi yfir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar, en á árinu 2024 voru tekjur vegna Hollvína, happdrættis og annarra fjáraflana samtals 79.310.523 m.kr. samanborið við árið 2023 sem voru 72.648.914 m.kr. Tekjur ársins 2024 hækkuðu um rúmar 6.6 m.kr.

6.3.1 Húsaleiga

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 133 milljónir króna árið 2024 samanborið við 137 milljónir króna árinu áður. Um er að ræða tvenns konar útleigu; annars vegar íbúðaleigu og hins vegar leiga á húsnæði fyrir fyrirtæki. Íbúðaleigan er bæði almenn leiga íbúða til hreyfihamlaðra og fyrir þjónustuþega hjá Kjarki endurhæfingu. Kjarkur hefur verið með íbúðir á 2., 3. og 4. hæð eyrnamerkta sér og ef íbúðir á þeim hæðum standa tómar gæðir Kjarkur leigu af þeim.

6.3.2 Hoppdrætti

Hoppdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Um árabíl hafa verið rekin tvö hoppdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er Jónsmessuhoppdrætti

og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er áramótahoppdrætti og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma hoppdrættanna ræðst af útflæði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Árið 2024 voru 2.000 miðar settir í net- og lausasölu í hvoru hoppdrætti fyrir sig. Sjálfsbjargarfélagar seldu hoppdrættismiða í verslunum fyrir jól, á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur af hoppdrætti ársins 2024 námu tæpum 30.4 m.kr. sem er um 3ja m.kr. lækkun frá árinu 2023.

6.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar

Hollvinir Sjálfsbjargar er hópur sem styrkir félagið með mánaðarlegu framlagi. Við njótum aðstoðar Takk við að efla og viðhalda þeim frábæra hópi meðal annars með stafrænum markaðsherferðum, úthringingum og reglulegum tölvupóstsamskiptum með fréttum af starfi og baráttumálum Sjálfsbjargar. Að meðaltali 48% þeirra sem fengu tölvupósta með fréttum af Sjálfsbjörg opnuðu póstana.

Á árinu stóð Sjálfsbjörg fyrir undirskriftarsöfnun, í samstarfi við Takk, undir yfirskriftinni „Nema fötluð“. Með herferðinni var sjónum fólks beint að því að núverandi hjálpertækjalöggjöf sem gerir fötluðu fólki kleift að sækja um styrk til kaupa á búnaði eða tækjum sem hjálpa þeim að taka þátt í daglegu lífi, er löngu úrelt. Afhending 8.700 undirskrifa sem söfnuðust í átakinu fór fram í heilbrigðisráðuneytinu þann 16. september 2024 og við erum afar þakklát fyrir þann stuðning sem samfélagið sýndi þessu mikilvæga baráttumáli. Önnur herferð á samfélagsmiðlum á árinu var Tómsundaprófið þar sem sjónum var aftur beint að verulegum hindrunum sem hreyfihamlað fólk mætir þegar kemur að íþrótt- og tómsundastarfi. Úr þessum herferðum og öðrum verkefnum bættust samtals 688 í hópinn yfir árið og er fjöldi Hollvína í lok árs rúmlega 2400. Tekjur frá Hollvínunum árið 2024 voru samtals um 44,4 m.kr. og nemur hækkunin tæpum 10 m.kr frá árinu 2023.

6.3.4 Styrkur ÖBÍ réttindasamtaka

Árlega veita ÖBÍ réttindasamtök fastan styrk til sinna aðildarféлага og er þar tekið tillit til félaga fjölda hvers og eins. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ réttindasamtaka hefur verið góð. Árið 2024 fékk Sjálfsbjörg landssamband um 5,2 milljón krónur í rekstrarstyrk ásamt um 1,1 milljón króna í viðbótarstyrk í lok árs. Sótt var um breytingu á verkefnastyrk sem úthlutað var 2023, til ÖBÍ og óskað eftir að nýta verkefnastyrkinn í herferð ársins Öll nema fötluð. Var sú umsókn samþykkt.

UPPLÝSINGAMÁL

7.1 Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári kynnt, þau málefni sem verið er að vinna að kynnt og ársreikningur samtakanna birtur. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

7.2 Klifur

Tímarit Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Klifur, kom út í október 2024 í 2500 eintökum. Blaðinu var m.a. dreift til allra félagsmanna, á ýmsar stofnanir og til styrktaraðila. Í blaðinu voru fréttir af starfi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu, fjallað um breytt almannatryggingakerfi, hjálpartæki til tómstunda og Ólympíumót fatlaðra í París auk viðtala. Ritstjóri blaðsins var Páll Tómas Finnsson.

7.3 Heimasíða Sjálfsbjargar

Heimasíðan er andlit Sjálfsbjargar og hefur hún verið í skoðun í vetur, gera þarf breytingar á henni þannig að hún verði aðgengilegri og þjóni betur tilganginum sem er að vera upplýsingagátt Sjálfsbjargar. Breytingar á heimasíðu eru kostnaðarsamar sem þýðir að farið verður í lagfæringar þegar fjárráð leyfa.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður Sjálfsbjargar lsh. prýddi forsíðu Klifurs 2024

TENGINGAR ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er aðili að eða sem félagsmenn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra taka þátt í fyrir hönd samtakanna.

ÖBÍ réttindasamtök

Fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á aðalfundi ÖBÍ réttindasamtaka 2024 voru: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Jón Heiðar Jónsson, Púríður Harpa Sigurðardóttir og Alma Ýr Ingólfssdóttir

Sjálfsbjargar félagar í stjórnkerfi ÖBÍ réttindasamtökum:

Formaður ÖBÍ réttindasamtaka: Alma Ýr Ingólfssdóttir (2023-)

Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-)

Aðalfulltrúi í stjórn: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir (2023-2025)

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um aðgengi

Formaður: Bergur Þorri Benjamínsson

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um heilbrigðismál

Varaformaður: Elmar Logi Heiðarsson

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um húsnæðismál

Aðalfulltrúi: Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um atvinnu- og menntamál

Aðalfulltrúi: Pála Kristín Bergsveinsdóttir

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um kjaramál

Aðalfulltrúi: Guðni Sigmundsson

NHF – norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum

Tengiliður: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttir

Formaður: Eva Þórdís Ebenezersdóttir

Sjóður Odds Ólafssonar

Varaformaður: Þorbera Fjölnisdóttir

List án landamæra

Aðalfulltrúi: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir

Íslensk Getspá

Aðalfulltrúi: Bergur Þorri Benjamínsson

TMF-Tölvumiðstöð

Varaformaður: Sævar Guðjónsson

Ráð Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks

Fulltrúi stúdenta: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Málefni fatlaðs fólks innan sveitarfélaga

Margir Sjálfsbjargarfélagar eru virkir í ýmsum nefndum og ráðum innan sinna sveitarfélaga.

Almannaheill

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með aðild að Almannaheillum samtökum þriðja geirans

Römpum upp Ísland

Púríður Harpa Sigurðardóttir varaformaður RUÍ og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir varaformaður í stjórn.

Starfshópur um úthlutun hjálpartækja, skipaður af heilbrigðisráðherra

Fulltrúi Sjálfsbjargar lsh. er Púríður Harpa Sigurðardóttir.

HELSTU MÁL Á FUNDUM STJÓRNAR SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA ÁRIÐ 2024

Helstu verkefni stjórnar eru að stýra starfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og annast málefni samtakanna á milli landsfunda þar sem stjórnarmenn eru kosnir til þeirra starfa skv. lögum samtakanna.

Á vettvangi stjórnar er fjallað um málefni er varða baráttumálin og málefnastarfið en einnig meiriháttar ákvarðanir er varðar rekstrarmál.

Stjórn Sjálfsbjargar fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en stjórnarfundir ársins 2024 urðu ellefu

talsins. Unnið var að uppbyggingu félagsins varðandi rekstur og málefni.

Önnur umræðuefni voru viðhaldsmál, dómsmál, fjáraflanir, hjálpartækjamál, aðgengismál, virkni aðildarfélaga og svo lengi mætti telja.

Ekki um að ræða tæmandi lista þar sem formaður, og eftir atvikum aðrir stjórnarmenn, hafa sótt fjölda funda sem varðar málefni hreyfihamlaðra eða þeim tengd.

AÐILDARFÉLÖG SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA OG STJÓRNARFÓLK 31.12. 2024

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni

Linda Egilsdóttir	formaður
Rúnar Þór Björnsson	varaformaður
Jósep Sigurjónsson	gjaldkeri
Sigrún María Óskarsdóttir	ritari
Elmar Logi Heiðarsson	meðstjórnandi

Varamenn:

Kristín Sigfúsdóttir
Jóhann Þór Hólmgrímsson
Linda Rós Daðadóttir

Sjálfsbjörg í Austur-Húnavatnssýslu

Ingunn María Björnsdóttir	formaður
Kristín Hrönn Árnadóttir	varaformaður
Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir	gjaldkeri
Jón Sigurðsson	ritari
Sigríður Höskuldsdóttir	meðstjórnandi
Bjarni Stefánsson	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg í Bolungarvík

Kristján Karl Júlíusson	formaður
Ólafía Ósk Runólfssdóttir	varaformaður
Nikólína Beck Þorvaldsdóttir	gjaldkeri
Margrét Sæunn Hannesdóttir	ritari
Magnús Ingi Jónsson	meðstjórnandi
Anna Torfadóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Siglufirði/Fjallabyggð

Hafdís Eyland Gísladóttir	formaður
Sigurrós Sveinsdóttir	varaformaður
Sólveig Halla Kjartansdóttir	gjaldkeri
Guðný Guðmundsdóttir	ritari
Björg Einarsdóttir	meðstjórnandi
Finnur Óskarsson	meðstjórnandi
María Lillý Ragnarsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á mið-Austurlandi

Guðni Sigmundsson	formaður
Berglind Sigurðardóttir	varaformaður
Þórir Dan Friðriksson	gjaldkeri
Jóna Björg Guðmundsdóttir	ritari
Sigríður Birna Ólafsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni

María Óskarsdóttir	formaður
Katý Bjarnadóttir	gjaldkeri
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	ritari

Varamenn:

Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Logi Pröstur Linnet	formaður
Björk Sigurðardóttir	varaformaður
Linda Sólrún Jóhannsdóttir	gjaldkeri
Brandur Bryndísarson Karlsson	ritari
Guðmundur Haraldsson	meðstjórnandi

Varamenn:

Sigvaldi Búi Þórarinsson
Ólafur Bjarni Tómasson
Elísabet Magnúsdóttir
Pála Kristín Bergsveinsdóttir
Guðrún Elísabet Bentsdóttir

Sjálfsbjörg á Ísafirði

Hafsteinn Vilhjálmsson	formaður
Auður Björnsdóttir	varaformaður
María Hagalínsdóttir	gjaldkeri
G. Sigríður Þórðardóttir	ritari
Helga Purríður Magnúsdóttir	meðstjórnandi

Varamenn:

Hrefna Magnúsdóttir
Halla Sigurðardóttir

Sjálfsbjörg í Skagafirði

Magnús G. Jóhannesson	formaður
Sigurjón Heiðar Sigurbjörnsson	varaformaður
Stefanía Fjóla Finnbogadóttir	gjaldkeri
Sigríður Gunnarsdóttir	ritari
Ólafur R. Ólafsson	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Suðurlandi

Svanur Ingvarsson	formaður
-------------------	----------

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum

Margrét S. Jónsdóttir	formaður
Guðný P. Adolfsdóttir	varaformaður
Vilhelmína Pálsdóttir	gjaldkeri
Jóna Birna Kristinsdóttir	ritari
Auður Brynjólfssdóttir	meðstjórnandi
Hafdís Björg Hilmarsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Vopnafirði

Marie Therese Robin	formaður
Haraldur Jónsson	gjaldkeri
Björn Halldórsson	ritari

